



## BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi  
Erindi nr. Þ 120/349  
komudagur 7/12 1995

Alsherjarnefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Reykjavík 4. desember 1995

Barnaverndarstofu hefur borist til umsagnar frá Alsherjarnefnd Alþingis frumvarp til laga um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl., lagt fyrir Alþingi á 120 löggjafarþingi 1995.

Barnaverndarstofa telur að Íslendingar eigi að fullgilda þá samninga sem prentaðir eru sem fylgiskjöl við það frumvarp sem hér er til umsagnar, Evópusamninginn og Haagsamninginn. Vitað er að réttarstaða barna sem brottnumin eru með ólögmetum hætti landa í milli, getur orðið afar óviss og velferð þeirra stefnt í hættu af þeim sökum. Því er eðlilegt og sjálfsagt að fullgilda samninga landa í milli sem sporna gegn þessu og setja lög hér á landi sem gera kleift að framkvæma slíka samninga. Ekki síst á þetta við þegar æ algengara er að þeir foreldrar sem eiga börn saman eru af ólíku þjóðerni og reynsla fyrir því að skilji þeir að skiptum og greini á um umönnun barna sinna, getur orðið um að ræða torleysanlegan ágreining sem við verður að bregðast með ýmsum ráðum. Eins og nú háttar til hér á landi hafa reglur til lausnar slíkum vanda verið afar takmarkaðar og einungis tekið til fárra landa, þ.á m. Norðurlandanna. Sams konar vandi getur stöðjað að gagnvart börnum sem tekin hafa verið úr umsjá foreldra sinna um skemmri eða lengri tíma, svo sem vegna ákvarðana barnaverndaryfirvalda, og haldið er með til annars lands á ólögmetan hátt.

Hvað síðasta atriðinu viðkemur virðist það frumvarp sem hér er til umsagnar, orðalag þess og framsetning, öðru fremur miða við aðstæður þegar ágreiningur er milli foreldra barns, svo sem um forsjá, brottmál á barni, umgengni o.s.frv. Í greinargerð frumvarpsins er hins vegar tekið fram, svo sem varðandi 13. gr., að bæði einstaklingar og löggjafar, svo sem barnaverndaryfirvöld eða barnaheimili, geti sett fram beiðni um tiltekna framkvæmd í þessu efni. Í greinargerð með 11. gr. frumvarpsins segir enn fremur: „... Ekki er hægt að líta svo á að foreldrar fari í raun með forsjá ef barnið hefur verið vistað á stofnun eða sett í fóstur samkvæmt ákvörðun barnaverndaryfirvalda. Barnaverndaryfirvöld geta þannig farið með forsjá barns og verið réttir forsjáraðilar í skilningi 11. gr.“ Hér hefði barnaverndarstofa talið æskilegt að lagatexti frumvarpsins hefði tekið af meiri tvímæli um það en raun ber vitni hvaða aðstæðna frumvarpið tekur til og hverjir það eru sem sett geti fram kröfu um fullnustu úrskurða, dóma eða ákvarðana.

SMÖRGÖTU 22  
101 REYKJAVÍK

SÍMI 552 4100  
BRÉFSÍMI 552 4108  
NETFANG barn@inn.is

RT. 700595 2699



## BARNAVERNDARSTOFA

Í lögum um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995, eru ákvæði um rétt fósturbarna til að hafa umgengni við kynforeldra og aðra þá sem eru því nákomnir, sbr. 33. gr. Í síðustu málsgrein lagagreinarinnar segir að barnaverndarnefnd eigi úrlausnarvald um umgengni barna í fóstri við kynforeldra. Til eru dæmi um það hér á landi að fósturforldrar hafi haldið með barn erlendis til búsetu um lengri eða skemmri tíma. Mögulegt er að ágreiningur verði um umgengni barns sem býr við slíkar kringumstæður. Af frumvarpi því sem hér er til umsagnar er ekki ljóst hvernig með slíkan ágreiningur skuli farið, svo sem þegar mat þarf að fara fram á því hvort og með hvaða hætti umgengni barnsins skuli eiga sér stað. Þá getur einnig komið til ýmissa afskipta opinberra aðila af slíkri umgengni og framkvæmd hennar. Barnaverndarstofa vill vekja athygli á þessu og telur að ef til vill þyrfti að huga að því hvort í frumvarpinu sé gert ráð fyrir kringumstæðum sem þessum.

Í 17. gr eru ákvæði þess efnis að áður en héraðsdómari taki ákvörðun um fullnustu ákvörðunar samkvæmt Evrópusamningnum eða um afhendingu samkvæmt Haagsamningnum, skuli kanna afstöðu barns sem náð hafi þeim aldri og þroska eða rétt sé að taka tilliti til skoðana þess. Tekið er fram að ákvæði barnalaga eigi við þegar svo hátti til. Vísa má til fyrri athugasemda um að frumvarpið og framsetning þess taki ekki nægilega skýrt til þess að einnig geti verið um að ræða barn sem barnaverndaryfirvöld hafi í sinnu forsjá. Í lögum nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995 eru ákvæði um að veita skuli barni kost á að tjá sig um mál sitt og það skylt þegar barn hefur náð 12 ára aldri. sbr. 2. mgr. 46. gr. Með vísan til framansagðs hefði ef til vill verið eðlilegra að vísa einnig til þessara lagaákvæða í áður nefndri 17. gr. frumvarpsins.

Þá hefur barnaverndarstofa ábendingu um 18. gr. frumvarpsins. Þar segir að héraðsdómari geti ákveðið, ef þörf krefur, að barni verði komið fyrir á hlutlausum stað fyrir milligöngu og undir umsjón barnaverndaryfirvalda. Í skýringu með greininni kemur á hinn bóginn fram að gert sé ráð fyrir að *barnaverndaryfirvöld ákveði* nánar hvar vista skuli barn þegar svona háttar til. Ef til vill hefði þurft að gæta betra samræmis hvað lagatexta og greinargerð áhrærir um þetta atriði.

Að lokum vill barnaverndarstofa vekja athygli á því að gert er ráð fyrir að ríkissjóður standi straum af flestum kostnaðarþáttum á úrlausn sem frumvarpið fjallar um, þó ekki því að flytja barn hingað til lands. Búast má við að það geti undir einhverjum kringumstæðum orðið foreldri um megn að standa straum af slíkum kostnaði. Búast má við að fátítt verði að aðstæður sem þessar skapist. Því er ekki úr vegi að gera ráð fyrir því að þessi kostnaður verði einnig greiddur úr ríkissjóði. Sýnist það rökrétt þegar búið er að leggja svo mikla vinnu í lausn þessara viðkvæmu mála.

Án þess að það varði beinlínis það frumvarp sem hér er til umsagnar vill barnaverndarstofa vekja athygli á því hve mikils ósamræmis gætir um mikilvægt atriði í orðalagi Evrópusamningsins og íslenskra laga um sama atriði. Í 3. mgr. í inngangi samningsins segir þ.á m. „...að réttur foreldra til umgengni sé eðlileg afleiðing forsjárréttar...“ Með barnalögum sem sett voru hér á landi, fyrst árið 1981, var sérstök áhersla á það lögð að barn ætti rétt á umgengni og foreldrum bæri skylda til að sinna henni. Þetta kemur skýrt fram

SUBURGÖTU 22  
101 REYKJAVÍK

SÍMI 552 4100  
BRÉFSÍMI 552 4108  
NETFANG barn@lin.is

KT. 700595 2699





## BARNAVERNDARSTOFA

Í orðalagi nógildandi 1. mgr. 37. gr. barnalaga, nr. 20/1992. Hins vegar hefur þess mjög gætt að þeirri hugmynd sem að baki bjó sé vikið til hliðar og þessa gætt í orðalagi og framsetningu samninga, úrskurða og dóma hér á landi. Þá er í sömu málsg. Evrópusamningsins orðið „forsjárréttur“ notað. Í barnalögum var að því stefnt að taka upp hugtakið forsjá og víkja til hliðar hugtökum sem áður höfðu verið notuð, svo sem „foreldraréttur“ og „forsjárréttur“. Þetta var gert í því augnamiði að gera réttindum barns hátt undir höfði og minnst þess í lagatexta. Orðalag Evrópusamningsins virðist ganga þvert á þetta. Þar sem barnaverndarstofa hefur ekki átt þess kost að kynna sér upprunalegum texta samningsins, kann að vera að um sé að ræða ónákvæmni í þýðingu. Sé ekki svo er lagt til að Íslendingar beiti sér fyrir því að orðalag Evrópusamningsins taki mið af þeirri sjálfsögðu hugmyndafræði að réttur barna sé í fyrirrúmi í þessu efni og orðfæri samninga taki mið af því. Með því væri gaumur gefinn að sjónarmiðum sem freistað hefur verið að hafa í heiðri í löggjöf hér á landi um málefni barna, sem einnig er í eðlilegu og sjálfsögðu samræmi við anda Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, staðfestur af Íslandi 28. nóvember 1992, sbr. svo sem 3. lið 9. gr. hans.

Barnaverndarstofa biðst velvirðingar á því hve seint umsögn þessi berst Alsherjarnefndar sem kemur til vegna anna.

f.h. barnaverndarstofu

SUDURGÖTU 22  
101 REYKJAVÍK

SÍMI 552 4100  
BRÉFSÍMI 552 4108  
NETFANG barn@irn.is

KT. 700595 2699